

Nr. 131 / 10 Bliki**Vélarbilun og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 6869
Smíðaður: Bandaríkjunum 1980 ál
Stærð: 2,64 brl. 2,97 bt.
Mesta lengd: Skráð lengd: 6,48 m
Breidd: 2,28 m Dýpt: 0,94 m
Vél: Volvo Penta 100 kW
Fjöldi skipverja: 1

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 18. febrúar 2011 af Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni, Hilmari Snorrasyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 30. september 2010 var skemmtibáturinn Bliki 6869 á siglingu við 6-baujuna í Faxaflóa. Veður: SA 7 m/sek

Formaður varð var við að smurolúprýstingur féll og þrátt fyrir að olíu væri bætt á vélina náði hún ekki upp þrýstingi og óskaði hann þá eftir aðstoð. Björgunarbáturinn Halla Jónsdóttir var send til aðstoðar og dró hún bátinn til hafnar á Seltjarnarnesi.

Við rannsókn kom fram:

- að við skoðun á vélinni kom í ljós að lok á smurolúkælli var farið að leka;
- að lokið var úr járni og var orðið gegnumryðgað utan frá;
- að hús smurolúkælis var úr áli sem og báturinn en það gæti hafa haft áhrif á hraða tæringar;
- að vélin var gömul en báturinn hafði staðið á landi í fimm ár;
- að eigandi sagðist hafa verið búinn að skipta um allar olíulagnir utan á vélinni sökum þess hversu ryðgaðar þær voru áður en báturinn var sjósettur.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.